15. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026
16. mars 2025 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Erindi varðandi reiðhöllina

Félaginu hefur borist erindi þar sem kvartað hefur verið yfir útleigu á reiðhöllinni yfir þennan tíma sem mesta álagið er á henni. Svar við þessu erindi er lagt fyrir stjórn félagsins. Samþykkt samhljóða.

Birt verður frétt á heimasíðu tengt þessu efni.

3. Stórsýning Fáks 2027

Skoðaðar eru dagsetningar fyrir Dag reiðmennskunnar og Stórsýningu Fáks 2027. Ákveðið er að sýningin verður 20. mars 2027.

4. Reykjavíkurmeistaramót

Skráningargjöld fyrir Reykjavíkurmeistaramót 2026 eru lögð fyrir stjórn til kynningar og samþykktar.

5. Lagabreytingar og boðun aðalfundar Fáks

Fyrir stjórn liggja tillögur að lagabreytingum sem eru aðlögun að lögum ÍSÍ og gerðar að kröfu ÍSÍ. Einnig er rædd auglýsing aðalfundar sem hefur verið ákveðin 21. apríl kl. 20:00. Aðalfundur verður auglýstur nú í kjölfar þessa fundar.

6. Orkusalan

Kynnt er bréf frá Orkusölunni þar sem þeir bjóða okkur hagstæð kjör á rafmagni. EG er falið að skoða málin frekar.

7. Öryggisnefnd

Kynnt er verkefnaskjal frá Öryggisnefnd þar sem farið er yfir helstu verkefni sem nefndin leggur áherslu á. HS og EG munu vinna áfram með verkefnin og gera drög að erindi til borgarinnar.

8. Dagur íslenska hestsins 1. maí

Farið var yfir dagskrá í fjölskyldu- og húsdýragarðinum á degi íslenska hestsins. Það hentar ekki að sameina dagskrá með garðinum. Sýningin æskan- og hesturinn verður sunnudaginn 3. maí.

9. Fatnaður

Farið yfir tilboð um fatnað frá Bergson fyrir Fák. IH er falið að vera í sambandi við forsvarsmenn Bergson um mátun fyrir félagsmenn.

10. Erindi til skipulagsfulltrúa vegna Trek brautar

Kynnt eru drög að erindi til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri Trek braut. Samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

a. Almannadalur

Farið yfir nokkur mál varðandi Almannadal.

Fundi var slitið kl. 18:15.